

Fiðlufaðir Íslands

TÓNLIST

RÍKARÐUR Ó.
PÁLSSON



Geisladiskur

Minningardiskur um Björn Ólafsson
fiðluleikara ★★★★★

„Sagan í tónum“. Minningardiskur um Björn Ólafsson fiðluleikara. Jón Nordal: Systur í Garðshorni (1944; BÓ & Wilhelm Lanzky-Otto pnó.); Fiðlusónata (1952; BÓ & JN pnó.). Þórarinn Jónsson: Forleikur og tvöföld fúga yfir BACH f. einleiksfíðlu (1925); Húmoreska f. fiðlu og píanó (1927; BÓ & Árni Kristjánsson pnó.). Jón Leifs: Prelúdía og fúghetta f. einleiksfíðlu. Helgi Pálsson: úr Sex þjóðlögum Op. 6 fyrir fiðlu og píanó (1962; BÓ & Árni Kristjánsson pnó.). Jórunn Viðar: Þjóðlífshættir úr svítu í 5 þáttum f. fiðlu og píanó (1974; BÓ & JV pnó.). Upptökur úr hljóðritasafni Ríkisútvarpsins í vinnslu og meistrun Hreins Valdimarssonar og Bjarna Rúnars Bjarnasonar. Útgáfa: 4Tay Inc., CD4063, sept. 2020.



Konsertmeistarinn „... fiðlutónn Björns var skemmtilega þéttur, hlýr – og leiftrandi vakur á hraðari köflum,“ segir um leik Björns Ólafssonar fiðluleikara í upptökunum á geisladiskinum „Sagan í tónum“.

Björn Ólafsson fiðluleikari (1917-84), konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fyrstu áratugum hennar 1950-72 og aðalfiðlukennari Tónlistarskólans í Reykjavík 1940-75, markaði djúp og gjöful spor í ungri tónlistarmenningu landsins. Svo ungri, að við stofnun SÍ 1950 var sú menning enn 1-2 öldum á eftir löndunum sunnar í álflu, hvort tveggja að hljóðfærakunnáttu og almenntri þekkingu hlustenda.

En það átti eftir að færast í framara horf – og á undraskömmum tíma. Ekki sízt fyrir atbeina frumkvöðla eins og Björns, er, ef svo má segja, „ungaði út“ okkar fyrstu kynslóð í fiðluleik á atvinnustigi. Mætti jafnvel efast um hvort tilkoma SÍ hefði verið möguleg jafnsnemma og raun bar vitni hefði hans ekki notið við, enda skipa 1. og 2. fiðlarar sem kunnugt er hátt í helming heildarfjölda hljómsveitarmanna.

Um það uppdissvið getur undirritaður trútt um talað, þar eð hann naut sem kontrabassisti í Hljómsveit Tónlistarskólans snemma á 8. áratug góðs af örvandi stjórn Björns, er mótaðist af jafnt innsærrri fagþekkingu sem glaðværrri ljúfmennsku, án þess að slaka í neinu á gæðakröfum.

Með tilliti til þess hversu lítið hafði áður verið gefið út af leik Björns, að undanskilinnni plötu frá um 1960, var því löngu orðið tímaþætt að minnast hljómandi framlags hans til íslenzkrar tónlistarsögu. Það birtist loks fyrir fáeinum mánuðum á hérnumræddum geisladiski; sótt úr hljóðritasafni Ríkisútvarpsins og eftir öllu að dæma aðallega fyrir frumkvæði Hliffar Sigurjónsdóttur, fyrrverandi nemanda Björns; að líkindum í kjölfar útvarpsþátta hennar 2017 um meistarann í tilefni aldarafmælis hans.

Par gat gömul geymsla hæglega reynzt þrándur í götu. Að reida klassískan hljómfletning fram til nútímahlustunar af allt frá 80 ára gömlum 78 snúninga lakkplötum og litlu yngri segulbandsupptökum er eiga til að dofna með aldri á hátíðnisviði hefur ugglaut reynzt tækni-mönnum RUV áskorun. En að minni hyggju hefur það tekizt ótrúlega vel, og má eiginlega undrast hvað virðist núorðið kleift í þeim efnum.

Verkefnavalíð er saga út af fyrir sig – nefnilega myndarlegt sýnis-

horn af íslenzkri listmúsíksköpun frá áratugunum þegar fyrstu menntuðu tónskáld þjóðarinnar létu að sér kveða. Fremst á diskum tvö æskuverk Jóns Nordal, hið spræka Systur í Garðshorni og hin framsæknari Fiðlusónata hans, en þar á milli einleiksverkið Forleikur og tvöföld fúga eftir Þórarinn Jónsson. Á eftir kemur Prelúdía og fúghetta Jóns Leifs f. einleiksfíðlu, síðan Húmoreska Þórarins f. fiðlu & píanó, og loks þættir úr tveim þjóðlagasyrþum f. fiðlu og píanó; annars vegar nr. 12 og 13 úr Sex þjóðlögum Op. 6 eftir Helga Pálsson og nr. 14-16 úr Þjóðlífsþáttum Jórunnar Viðar.

Píanóleikur Lanzky-Ottos, Jóns Nordal, Jórunnar Viðar og ekki sízt Árna Kristjánssonar fellur gizka vel að fiðlunni á þessum gömlu upptökum og skyldi engan undra. Hitt er skrytnara hvernig glutraðist niður í grámósku minninga hvað fiðlutónn Björns var skemmtilega þéttur, hlýr – og leiftrandi vakur á hraðari köflum. Eða þar til þessi diskur brúaði hálfir aldar tímagjá með glæsibrag við hæfi.